

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 14/2000

frá 28. janúar 2000

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 184/1999 frá 17. desember 1999⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/568/EB frá 27. júlí 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir ljósaperur⁽²⁾ og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/554/EB frá 19. júlí 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir afritunarpappír⁽³⁾, skulu felldar inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 74, 15.3.2001, bls. 12 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 14, 15.3.2001, bls. 140.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 216, 14.8.1999, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 210, 10.8.1999, bls. 16.

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað texta liðar 2eg (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/365/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„**399 D 0568:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/568/EB frá 27. júlí 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir ljósaperur (Stjttíð. EB L 216, 14.8.1999, bls. 18).“

2. gr.

Eftirfarandi komi í stað texta liðar 2ek (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/467/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„**399 D 0554:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/554/EB frá 19. júlí 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir afritunarpappír (Stjttíð. EB L 210, 10.8.1999, bls. 16).“

3. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 1999/568/EB og 1999/554/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. janúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. janúar 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner